




Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa - Sævarland 14


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. nóvember 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. október 2023 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir sorpgerði, skjólveggjum og gróðurbeðum framan við inngang raðhúss nr. 14 í raðhúsalengju nr. 10-14 við Sævarland. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskiplag Fossvogshverfis 1968



Uppdráttur með fyrirspurn

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er svæðið skilgreint sem Íbúðarbyggð ÍB.

Deiliskiplag/Hverfisskiplag: Í gildi er Deiliskiplag Fossvogshverfis samþykkt í borgarráði 06.02.1968.

Umsögn/niðurstaða

Sótt er um leyfi til að koma fyrir sorpgerði, skjólveggjum og gróðurbeðum framan við innganga Sævarland 14.

Sævarland nr. 2.4.6.8.10.12.14.16.18.20 er sameiginleg raðhúsaloð.

Í gildandi skilmálum í DSK fyrir raðhús í Fossvogi svæði III og IV stendur orðrétt:

1. „Allar raðhúsaíbúðir, er liggja að sömu götu, teljast á sömu lóð.
6. Gera skal heildaruppdrátt af öllum mannvirkjum á lóðinni, og skulu húsameistarar sjá um að uppdrættir mannvirkja séu samræmdir. Á teikningum sem sýna útlit og sneiðingar, skal gera grein fyrir hæðarafsetningu jarðvegs og aðliggjandi stíga.
9. Lóðin fyrir skal vera sameiginleg og óskipt, eins og mæliblað sýnir, en heimilt er þó að afmarka garð fyrir framan hverja íbúð með limgirðingum, sbr. mæliblað.“

Samkvæmt skilmálm í DSK er aðeins heimilt að afmarka framgarða með runnagróðri, gera skal grein fyrri heildarskiplagi lóðar á lóðaruppdrætti og samræma þarf útfærslu lóðar með öllum raðhúsum/raðhúsalengju við Sævarland.

Tillagan samræmis ekki deiliskiplagi og gildandi skilmálum Fossvogshverfis.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Marta María Jónsdóttir
landslagsarkitekt/verkefnastjóri